



108. stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða í Faktorshúsi Neðstakaupstað

8. maí 2020 kl. 10:00

Viðstaddir:

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Jón Páll Halldórsson, bæjarstjóri Bolungarvíkur
Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkur
Jóna Símonía Bjarnadóttir, forstöðumaður
Finney Rakel Árnadóttir, safnvörður ritar fundargerð

Birgir bæjarstjóri og Finney Rakel safnvörður sitja sinn fyrsta stjórnarfund.

1. Ársreikningar

Engar sérstakar breytingar, rekstur fyrri ára ræddir. Hlutfall þeirra sem heimsækja safnið 90% erlendir ferðamenn. Mikill hluti tekna er aðgangseyrir ferða sem ferðaskrifstofur innan skemmtiferðaskipa skipuleggja.

2. Skipulag sumarsins

Söfn á Íslandi standa frammi fyrir miklu tekjutapi. Horfa þarf á allar mögulegar leiðir til þess að draga úr kostnaði.

Rætt um breytingar vegna COVID-19 í tengslum við sumaropnun og hlutfall sumarstarfsmanna.

Augljóst að ráðast þarf í einhverjar aðgerðir. Mögulegt er að fá styrk á móti launakostnaði og halda óbreyttu skipulagi hvað varðar sumarstarfsmenn. Jóna greinir frá mögulegri úrvinnslu verkefna fyrir sumarstarfsfólk

//Samþykkt er að loka safninu fyrr en áætlað er eða í lok ágúst.

//Jónu er falið að endurbæta fjárhagsáætlun samkvæmt breyttu árferði og þá væntanlega komin svör um hvernig styrkveitingum verður að einhverju leyti háttað

3. Önnur mál

- I. Harmonikusafnið- Hugmyndir um starfsemi því tengdu en það er lifandi safn og hafa sýningu á því. Verið er að athuga með húsnaði í samvinnu við Harmonikufélag Vestfjarða.

- II. Málefni Maríu Júlíu. Beiðni hefur komið frá höfninni um að fjarlægja skipið.

//Kanna möguleika á styrkjum frá ríkinu í verkefnið og leita álits sérfræðinga um varðveislu uns niðurstaða fæst. Með þennan lið fara Birgir bæjarstjóri og Jóna Símonía forstöðumaður.

- III. Staðan á bátum safnsins rædd. Hverjur verða sjósettir og um ástand bátasafnsins.
- IV. Smiðjan á Þingeyri. Styrkur til staðar. Smiðjan verður opin hálfan daginn í júní-ágúst.
- V. Von er á heimsókn forvarðar sem mun leiðbeina um geymslur varðandi kröfur frá safnaráði. Safnasjóður veitti styrk til þessa verkefnis.

4. Húsnæðismál safnsins

Möguleg notkun á Krambúðinni rædd þar sem hún verður laus með haustinu. Safnið hefur áhuga á notkun hússins og útfæra eftir því sem væri safninu og svæðinu í hag. Húsnæðið er hluti af stefnumótun um framtíðarsýn fyrir safnið, unnið verður í þeirri stefnumótun næsta ár en vonast er til að hafist verði handa um nýbyggingu á svæðinu á næsta ári.

5. Aðalfundur

Dagsetning fyrir aðalfund í maí 2020 verður ákveðinn á næstu dögum þar sem liggur fyrir að samþykkja breytta fjárhagsáætlun. Jóna Símonía forstöðumaður mun boða til aðalfundar fyrir hvítasunnu.